

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 43 94. ár

Föstudaginn 6. apríl 2001

Laus störf

Skattstjórinn í Reykjavík auglýsir lausar til umsóknar eftirtaldar stöður:

Stöðu deildarstjóra á virðisaukaskattsskrifstofu:

Umsækjandi þarf að hafa lokið prófi í lögfræði, viðskiptafræði, rekstrarfræði eða hafa sambærilega menntun. Æskilegt er að umsækjandi búi yfir sérþekkingu og/eða reynslu á sviði skattaréttar og reynslu af stjórnun.

Stöðu sérfræðings á eftirlitsskrifstofu:

Umsækjendur þurfa að hafa lokið prófi í viðskiptafræði, hagfræði, rekstrarfræði eða hafa sambærilega menntun. Um er að ræða stöðu við eftirlit með skattskilum hvað varðar tekju- og eignarskatt, virðisaukaskatt, tryggingagjald, staðgreiðslu o.fl.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram, þurfa að berast embættinu fyrir 24. apríl 2001. Laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Sveinbjörn Strandberg, starfsmannastjóri veitir nánari upplýsingar og tekur við umsóknum. Öllum umsóknum mun verða svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Reykjavík, 28. mars 2000.
Skattstjórinn í Reykjavík.

(4363)

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra auglýsir laust til umsóknar starf við eftirlit með áfengisframleiðslu í umdæminu. Starfið felst í eftirliti með framleiðslu áfengis, átöppun, töku rannsóknarsýna, birgðahaldi og færslu framleiðsluskýrsla og birgðabókhalds.

Eftirlitið fer að mestu leyti fram í húsa- kynnum framleiðanda, sem nú er aðeins einn í umdæminu með starfsstöð á Akureyri.

Starfið krefst lipurðar í mannlegum samskiptum, nákvæmni og sjálfstæði til verka, auk nokkurrar tölvukunnáttu.

Laun ákvarðast á grundvelli kjarasamnings að teknu tilliti til menntunar, reynslu og þeim verkefnum sem í starfinu felast.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og reynslu berist skattstjóra eigi síðar en 20. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 461 2400.

Skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra.

(4367)

Eskifjörður.

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns við embætti sýslumannsins á Eskifirði með aðsetur á Neskaupstað. Um er að ræða tímabundna stöðu vegna langtímaveikinda. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Ingerar L. Jónsdóttur, fyrir 14. apríl 2001. Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Húsavík.

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns við embætti sýslumannsins á Húsavík. Umsóknum

Auglýsing

um starfsleyfistillögur

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, munu starfsleyfistillögur neðangreindra fyrirtækja liggja frammi hjá upplýsingaþjónustunni í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 6. apríl til 4. maí 2001.

Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum	Almenn skilyrði	Sértæk skilyrði	Heimilisfang
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, æfingarsvæði/8	X	X	Skógarhlíð 14
Efri-Hólar ehf., útleiga til hljómsveitaæfinga/2	X	X	Mjólnisholt 12
Hafgæði sf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Fiskislóð 28
Fiskaup hf., meðalstór fiskvinnsla/10	X	X	Geirsgata 11
Fiskbúði Sæbjörg ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Eyjaslóð 7
Sætoppur ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Eyjaslóð 7
Vestfirska harðfisksala ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Eyjaslóð 1B
Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Fiskislóð 30
Toppfiskur ehf., meðalstjórar fiskvinnslur/10	X	X	Fiskislóð 65
AGS ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Dugguvogur 8
Aðalbjörg sf., meðalstór fiskvinnsla/10	X	X	Fiskislóð 53
Sæfold ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Fiskislóð 47
Djúpalón ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Fiskislóð 47
Pétur H. Ólafsson, lítil fiskvinnsla/10	X	X	Grandagarður 93
Sæver ehf., lítil fiskvinnsla/10	X	X	Eyjaslóð 11

Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:

- Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
- Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
- Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir, skulu vera skriflegar og sendast Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík, fyrir 4. maí n.k.

Reykjavík, 28. mars 2001.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

4409)

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – niðurstöður athugunar og úrskurður Skipulagsstofnunar

Endurvinnsla og förgun úrgangs á Patreksfirði fyrir Vesturbyggð.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á fyrirhugaða flokkun, brennslu og urðun úrgangs á Patreksfirði fyrir Vesturbyggð eins og henni er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, með fyrirvara um að undanþága verði veitt frá fjarlægðartakmörkum samkvæmt reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: <http://www.skipulag.is>.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 4. maí 2001.

Skipulagsstofnun.

4383)

Auglýsing

mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Landfylling í Arnarnesvogi, Garðabæ.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 6. apríl til 18. maí 2001 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Garðabæjar og á bókasafni Garðabæjar. Einnig liggur skýrslan frammi í Þjóðarbókhöfðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu: <http://www.honnun.is>.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 18. maí 2001 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfreður nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

4405)

Auglýsing um skipulag í Garðabæ

1. *Hesthúsasvæði við Kjóavelli, endurskoðun á deiliskipulagi.*

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi hesthúsasvæðis við Kjóavelli sem er um 30 ha. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir yfirbyggðu tamningagerði, íþróttavöllum og reiðstígum auk þess sem ekki er gert ráð fyrir fleiri hesthúsum á svæðinu vegna vatnsverndar. Eldra deiliskipulag fellur úr gildi.

2. *Deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund.*

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi lóðar við Kirkjulund fyrir minjaskála í tengslum við minjagarð við Hofsstaði.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi frá 6. apríl 2001 til og með 4. maí 2001. Athugasemdum við ofangreindar tillögur skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar fyrir 19. maí 2001 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunum

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

4396)

Auglýsing um tillögu að aðalskipulagi Laugardalshrepps

Sveitarstjórn Laugardalshrepps auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 (m.s.br.).

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins á Laugarvatni frá og með mánudeginum 9. apríl nk. til mánudagsins 7. maí 2001. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 21. maí 2001. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Laugardalshrepps, Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Hver sá sem eigi gerir athugasemd við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Oddviti Laugardalshrepps.

4398)

skal skilað til lögreglustjóra, Halldórs Kristinsonar, fyrir 14. apríl 2001. Sigurður Brynjúlfsson, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 26. mars 2001.
Ríkislögreglustjórinn.

(4368)

Við eftirtalda grunnskóla á svæði Skólaskrifstofu Austurlands eru lausar skólastjóra- og/eða kennarastöður næsta skólaár með umsóknarfresti til 1. maí 2001:

Grunnskólinn á Bakkafirði: Almenn kennsla.

Vopnaffjarðarskóli: Almenn kennsla, kennsla yngri barna, myndmennt, raungreinar, enska, smíðar og sérkennsla.

Brúarársskóli: Almenn kennsla yngri barna og á miðstigi og íþróttir.

Fellaskóli: Almenn kennsla, umsjónar-kennsla á unglingastigi, raungreinar, íþróttir, sérkennsla og heimilisfræði.

Grunnskólinn Egilsstöðum og á Eiðum: Almenn kennsla, náttúrufræði, smíðar og sérkennsla.

Grunnskóli Borgarfjarðar: Almenn kennsla og sérkennsla.

Seyðisfjarðarskóli: Almenn kennsla á mið- og unglingastigi, íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttir, mynd- og handmennt og heimilisfræði.

Grunnskólinn í Mjóafjarðarhreppi: Staða skólastjóra.

Grunnskóli Reyðarfjarðar: Almenn kennsla yngri barna, íþróttir, tungumál, heimilisfræði og upplýsinga- og tæknimennt.

Grunnskólinn á Eskifirði: Almenn kennsla yngri barna og á miðstigi, stærðfræði, heimilisfræði, íþróttir, raungreinar, hönnun og smíði og bókasafnskennsla.

Nesskóli í Neskaupstað: Almenn kennsla, kennsla eldri nemenda, heimilisfræði, íþróttir, myndmennt, hannyrðir og smíðar.

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar: Almenn kennsla, danska, heimilisfræði, mynd- og handmennt, raungreinar, sérkennsla og tónmennt.

Grunnskólinn á Stöðvarfirði: Almenn kennsla, danska, heimilisfræði og sérkennsla.

Nánari upplýsingar veita viðkomandi skólastjórar og ber að skila umsóknum til þeirra.

Forstöðumaður.

(4406)

Kennsluráðgjafi óskast til starfa á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur frá 1. ágúst nk.

Meginhlutverk kennsluráðgjafa er:

- að veita kennurum og skólastjórum ráðgjöf varðandi kennslu, bekkjarstarf o.fl. sem tengist skólastarfi og sérsviði viðkomandi ráðgjafa
- að hafa umsjón með námskeiðum og fræðslufundum fyrir kennara
- að vinna að þróun og uppbyggingarstarfi í samstarfi við aðra fagaðila
- að taka þátt í stefnumótun um skólastarf.

Kröfur til umsækjenda:

- kennsluréttindi
- framhaldsmenntun og/eða reynsla t.d. í upplýsinga- og tölvutækni, tungumálakennslu eða íslenskukennslu
- lipurð í mannlegum samskiptum
- frumkvæði og skipulagshæfileikar.

Kennsluráðgjafi í sérkennslu

Meginhlutverk kennsluráðgjafa í sérkennslu er:

- að veita ráðgjöf til kennara og skólastjóra um kennslu nemenda með sérþarfir og skipulag skólastarfs sem tekur mið af einstaklingsþörfum
- að hafa umsjón með námskeiðum og fræðslufundum fyrir kennara
- að vinna að þróun og uppbyggingarstarfi í samstarfi við aðra fagaðila
- að taka þátt í stefnumótun um skólastarf.

Kröfur til umsækjenda:

- kennsluréttindi
- framhaldsmenntun og reynslu af kennslu barna með sérþarfir
- lipurð í mannlegum samskiptum
- frumkvæði og skipulagshæfileikar.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst. Upplýsingar gefa Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri kennsludeilda, aks@reykjavik.is, Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs, arthur@reykjavik.is og Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunng@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2001.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við KÍ.

Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu undir *grunnskolar.is*.

Deildarstjóri kennsludeilda

Vegna námsleyfis frá 1. ágúst 2001 - 31. júlí 2002 er laust til umsóknar starf deildarstjóra kennsludeilda.

Meginhlutverk deildarstjóra kennsludeilda er:

- að annast daglega stjórn deildarinnar og skipulag kennsluráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur
- að vinna að þróun og uppbyggingarstarfi í samstarfi við aðra fagaðila
- að taka þátt í stefnumótun um skólastarf
- að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast innra starfi skóla
- upplýsingagjöf og samstarf við aðrar stofnanir.

Hæfniskröfur og menntun:

- kennarapróf, framhaldsmenntun á sviði kennslumála æskileg
- reynsla af starfi í grunnskóla
- lipurð í mannlegum samskiptum
- stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- frumkvæði og skipulagshæfileikar

Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunng@reykjavik.is og Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs, arthur@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2001.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við KÍ.

Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Starfsmaður óskast til að starfa að aðlögun einhverfs og þroskaskerts unglings í einum af grunnskólum Reykjavíkur.

Vorið 2001 verður nýtt til aðlögunar í nýju umhverfi og gerð einstaklingsnámskrár fyrir viðkomandi nemanda, en næsta skólaár verður unnið út frá einstaklingsnámskrá.

Um fullt starf er að ræða, sem felst í menntun og þjálfun viðkomandi einstaklings í blönduðu umhverfi innan grunnskólans. Sveigjanleiki og áhersla á verklega þætti verða mikilvægir í starfinu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Leitað er að starfsmanni sem er:

- kennari, þroskaþjálfari eða með BA próf í sál-arfræði.

Upplýsingar gefur Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs, arthur@reykjavik.is, sími 535 5000

Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Kennarar:

Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2001-2002.

Borgaskóli, sími 577 2900. Almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi,* heimilisfræði,* sérkennsla,* myndmennt.

Breiðholtsskóli, sími 557 3000. Almenn kennsla á miðstigi*.

Engjaskóli, sími 510 1300. Kennsla á yngsta stigi og á miðstigi,* danska,* heimilisfræði,* íþróttir, samfélagsfræði,* sérkennsla,* smíðar,* tölvukennsla,* tónmennt og námsráðgjöf, 50% staða, til eins árs vegna námsorlofs*.

Fellaskóli, sími 557 3800. Sérkennsla,* almenn kennsla og tölvukennsla á miðstigi,* tvær kennarastöður á unglingastigi ásamt umsjón, meðal kennslugreina eru íslenska, stærðfræði, danska, samfélagsfræði og líffræði*.

Fossvogsskóli, sími 568 0200. Almenn kennsla á yngra stigi og myndmennt, 80% staða.

Grandaskóli, sími 561 1400. Almenn kennsla og tónmennt.

Hagaskóli, sími 552 5611. Eðlisfræði, 8. - 10. bekkur.

Hamraskóli, sími 567 6300. Almenn kennsla, tónmennt, raungreinar og íþróttir.

Háteigsskóla, sími 530 4300. Almenn kennsla á yngsta stigi, afleysing fyrir umsjónarkennara í 3. bekk í fjóra mánuði, almenn kennsla á miðstigi, almenn kennsla unglingastigi með þekkingu í stærðfræði og raungreinum, tónmennt, 50% staða og tölvuumsjón, allt að 70% ásamt kennslu.

Húsaskóli, sími 567 6100. Kennsla á yngsta stigi, 1. og 2. bekkur,* kennsla á efsta stigi, aðalkennslugrein stærðfræð ásamt eðlisfræði, líf-fræði og tölvukennslu,* heimilisfræði í 1. - 10. bekk,* almenn kennsla á miðstigi og námsráðgjöf, 75% staða

Klébergsskóli, sími 566 6083. Þrjár kennarastöður, aðalkennslugreinar: almenn kennsla á miðstigi, stærðfræði og enska á unglingastigi.

Korpuskóli, sími 525 0600. Almenn kennsla í 1. bekk,* raungreinar í 8. bekk* og tónmennt í 50% staða*.

Langholtsskóli, sími 553 3188. Handmennt (textíl), tónmennt, 2/3 staða,* heimilisfræði, 2/3 staða,* sérkennsla, almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi,* kennsla í upplýsingamennt, kennsla í samfélagsgreinum og ensku auk umsjónar á unglingastigi,* íþróttir og námsráðgjöf, 75% staða.

Laugarnesskóli, sími 588 9500. Almenn kennsla á yngsta stigi,* almenn kennsla á miðstigi,* myndmennt,* sérkennsla* og námsráðgjöf, 50% staða*.

Réttarholtsskóli, sími 553 2720. Almenn kennsla og sérkennsla í sérdeild, almenn kennsla í 8. - 10. bekk, kennslugreinar: danska íslenska, stærðfræði, myndmennt, heimilisfræði og skóla-safnskennari, 50-100% staða.

Rimaskóli, sími 567 6464. Almenn kennsla á yngsta og miðstigi,* danska, 50-100% staða* og tölvuumsjón*.

Selásskóli, sími 567 2600. Almenn kennsla á yngsta stigi,* almenn kennsla á miðstigi,* sérkennsla,* tónmennt, hlutastarf,* heimilisfræði, hlutastarf* og textílmennt, hlutastarf*.

Seljaskóli, sími 557 7411. Almenn kennsla á miðstigi, náttúrufræði,* íslenska, stærðfræði og enska á unglingastigi*.

Vesturbæjarskóli, sími 562 2296. Íþróttir, umsjónarkennari á yngsta stigi* og umsjónarkennari á miðstigi*.

Víkurskóli, sími 863 3411. Almenn kennsla á yngsta stigi og á miðstigi. Kennsla í list- og verkgreinum og íþróttir.

Vogaskóli, sími 553 2600. Almenn kennsla á yngsta stigi* og almenn kennsla á miðstigi*.

Ölduselsskóli, sími 557 5522. Danska, enska náttúrufræði, almenn kennsla á yngsta og á miðstigi, tónmennt, 50% staða, heimilisfræði og staða bókasafnsfræðings.

Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar.

Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl 2001 nema * sem er 17. apríl. Umsóknir ber að senda í skólana.

Nánari upplýsingar um laus störf og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á Netinu undir *job.is*.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

⁽⁴⁴⁰⁸⁾

Laust embætti

Embætti rektors Menntaskólans í Reykjavík er laust til umsóknar.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra skal skólameistari hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir því að skipað eða sett verði í embættið frá og með 1. ágúst 2001.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjaranefndar, sbr. lög nr. 120/1992 um Kjara-dóm og kjaranefnd, með síðari breytingum.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16.00, mánudaginn 23. apríl 2001.

Menntamálaráðuneytinu,
29. mars 2001.

⁽⁴⁴⁰⁷⁾

Stefnur

Landsbanki Íslands hf.,
kt. 540291-2259,
Austurstræti 11, Reykjavík,

gjörir kunnugt: að hann sé knúinn til að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Hirti Scheving, kt. 040573-4459, með óþekkt heimilisfang, stjórnarmanni Ó. Scheving heildverslunarinnar ehf., kt. 521099-2169 fyrir hönd fyrirtækisins.

Málflutningsumboð: Helgi Teitur Helgason hdl., fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að stefndi Ó. Scheving heildverslun ehf., verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 615.285, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 90/1992, af kr. 205.095, frá 12. nóvember 1999 til 12. desember 1999, af kr. 410.190, frá þ.d. til

12. janúar 2000 en af kr. 615.285, frá þ.d. til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins, að viðbættum virðisauka-skatti á málflutningsþóknun.

Málavextir og málsástæður: Skuld þessi er skv. 3 víxlum.

1. útg. 12. okt. 1999 kr. 205.095, gjalddagi 12. nóv. 1999.
2. útg. 12. okt. 1999 kr. 205.095, gjalddagi 12. des. 1999.
3. útg. 12. okt. 1999 kr. 205.095, gjalddagi 12. jan. 2000.

Samtals kr. 615. 285.

Víxlarnir eru allir útgefnir af Hirti Scheving, kt. 040573-4459 ábektir af Gunnhildi M. Björgvinsdóttur, samþykktur til greiðslu af Hirti Scheving f.h. Ó. Scheving heildverslun ehf. Víxlarnir voru allir framseldir Landsbanka Íslands hf. af útgefanda Hirti Scheving. Hafa þeir allir verið í vanskilum frá gjalddaga og hafa innheimtutilraunir bankans engan árangur borið.

Áskilinn er réttur til að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna ef varnaráðstæður stefndu gefa tilefni til, en ekki er talin þörf á töku munnlegra skýrslna í málinu. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá býr fyrirsvarsmaður stefnda nú í Danmörku, reynt hefur verið að birta fyrir honum með milligöngu íslenska sendiráðsins í Kaupmannahöfn án árangurs. Stefnandi er því nauðbeygður að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Mál þetta er rekið sem víxilmál eftir XVII. kafla laga nr. 91/1991 og annars almennt skv. þeim lögum. Greiðsluskylda stefndu er byggð á víxillögum nr. 93/1933. Dráttarvaxtakrafan er byggð á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafa um málskostnað og dráttarvexti á hann er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Um stefnubirtingu vísar stefnandi til 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram við þingfestingu máls þessa:

1. Víxil nr. 104295.
2. Víxil nr. 104294.
3. Víxil nr. 104293.
4. Ljósrit af innheimtubréfi dags. 24. ágúst 2000.
5. Útrentun úr Þjóðskrá.
6. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Hirti Scheving, kt. 040573-4459, fyrir hönd Ó. Scheving ehf., kt. 521099-2169, til að mæta er mál þetta verður þingfest í dómsal 102 við héraðsdóm Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 8. maí 2001 kl. 10.00 árdegis til að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, má búast við að útivistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði gerðar aðfararhæfar.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 20. mars 2001.
F. h. stefnanda,
f. h. Helga Teits Helgasonar hdl.,
Hildur K. Friðleifsdóttir lögfr.

⁽⁴³³⁹⁾

Landsbanki Íslands hf.,
kt. 540291-2259,
Austurstræti 11, Reykjavík,

gjörir kunnugt: að hann sé knúinn til að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Rauno Veli Sivula, kt. 280266-2139, með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð.

Málflutningsumboð: Helgi Teitur Helgason hdl., fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 482.723,80 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum, af kr. 482.723,80 frá 5. sept. 2000 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins, eða skv. málskostnaðarreikning ef til aðalflutnings kemur, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Málavextir og málsástæður: Skuld þessi er til orðin vegna úttekta stefnda með VISA greiðslukorti. Greiðslukortið sem er nr. 4548-9000-0055-3570 var útgefið þann 28. júní 1999 til stefnda skv. skriflegri umsókn hans dags. 25. júní 1999. Skuld stefnda á gjalddaga þann 17. ágúst 2000, með eindaga 5. september 2000 var kr. 482.723,80. Skuld þessi er enn í vanskilum og hafa innheimtutilraunir bankans engan árangur borið. Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands er stefndi búsettur í Svíþjóð og er stefnanda hvorki kunnugt um heimilisfang Rauno í Svíþjóð né hvar hann starfar og getur því ekki birt stefnu þessa eftir almennum reglum. Er stefnanda því sú ein leið fær að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Áskilinn er réttur til að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna ef varnaráðstæður stefndu gefa tilefni til, en ekki er talin þörf á töku munnlegra skýrslna í málinu.

Lagarök: Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga, laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, þ.m.t. 129. gr. vegna málskostnaðarkröfu og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 en um stefnubirtingu vísar stefndi til 89. gr. sömu laga. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr laga nr. 91/1991 en um stefnubirtingu vísar stefndi til 89. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Til sönnunar kröfum sínum mun stefndi leggja fram við þingfestingu máls þessa:

1. Stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Umsókn stefnda um VISA greiðslukort.
4. VISA reikning dags. 22. ágúst 2000.
5. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.
6. Útprentun úr Þjóðskránni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Rauno Veli Sivula, kt. 280266-2139 að mæta er mál þetta verður þingfest héraðsdómi Reykjavíkur í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 8. maí 2001 kl. 10.00 árdegis til að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins, má búast við að útivistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði gerðar aðfararhæfar.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 15. mars 2001.
Helgi Teitur Helgason hdl.

(4341)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf. 0113, Rofabæ 7, 155 Reykjavík.

Stefndi: Sigurður Stefán Ómarsson, kt. 150162-5649, síðast til heimilis að Víkurbraut 8, Grindavík, nú búsettur í Noregi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Helgi Teitur Helgason hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 114.024,40, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 116.024,40 frá 29. maí 1998 til 5. nóvember 1998 en af kr. 114.024,40 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sl. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 25. júní 1996 stofnanði stefndi Sigurður þjónustureikning nr. 312943 við útibú stefnanda að Rofabæ 7, Reykjavík. Þann 19. júní 1998 námu innstæðulausar færslur á reikningnum kr. 116.024,40. Var reikningnum þá lokað. Þann 25. júní 1995 var stefnda sent innheimtubréf. Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun 5. nóvember 1998 kr. 2.000 og verður tekið tillit til hennar við uppgjör kröfunnar. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands er stefndi búsettur í Noregi og er stefnanda hvorki kunnugt um heimilisfang Sigurðar í Noregi né hvar hann starfar og getur þannig ekki birt stefnu þessa eftir almennum reglum. Er stefnanda því sú ein leið fær að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldur fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 en um stefnubirtingu vísar stefndi til 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Úrdrátt úr skrám Reiknistofu bankanna.
4. Útprentun úr Þjóðskránni.
5. Innheimtubréf er sent var stefnda þann 25. júní 1998.
5. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Ákorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefna að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, þann 8. maí 2001 kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. mars 2001.
F. h. stefnanda,
Helgi T. Helgason hdl.

(4340)

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Garðar Briem hrl., kr. 160356-2949, Lögfræðistofu Sóleyjargötu 17 sf., Reykjavík að hann þurfi fyrir hönd Sigurðar Waage, kt. 021127-2139, Laugarásvegi 28, 104 Reykjavík, að höfða mál fyrir hér-aðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Málflutningsumboð: Garðar Briem hrl., kt. 160356-2949, Lögfræðistofu Sóleyjargötu 17 sf., Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefndi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf nr. 42122 sem gefið var út í Reykjavík 22. október 1985, novatio, af Sigurði Waage, kt. 021127-2139, til handhafa að fjárhæð kr. 64.033 og hvílir nú á 1. veðrétti fasteignarinnar Laugarásvegi 28 í Reykjavík, en var upphaflega með 3. veðrétti í framangreindri eign. Bréfið skyldi greiða með tveimur afborgunum á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 20. febrúar 1986. Af veðskuldabréfinu áttu að greiðast 20 % ársvextir frá 20. febrúar 1985.

Málsástæður: Framangreint veðskuldabréf segir stefndi að fullu greitt en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hafi ekki verið unnt að afmá skuldabréfið úr veðmálalabókum og sé því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógildingar á bréfinu svo að unnt sé að aflétta því af eigninni. Stefndi er eigandi fasteignarinnar að Laugarásvegi 28 í Reykjavík sem veðskuldabréfin hvíla á, ásamt Guðrúnu H. Waage, kt. 181128-2449.

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Eintak Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.
4. Veðbókavottorð fasteignarinnar.
5. Ljósrit veðskuldabréfs.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa ofangreint veðskuldabréf í fórum sínum, eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi sem háð verður í dómhúsi hér-aðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þriðjudaginn 15. maí 2001 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má við því búast að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfanna verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík 27. mars 2001.
Friðgeir Björnsson.

(4358)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: WÜRTH á Íslandi ehf., kt. 630392-2259, Vesturhrauni 5, 210 Garðabæ.

Stefndi: Rijn Peter Gerhart de Klerk, kt. 200454-2009, Hlíðarbraut 2, 220 Hafnarfirði.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Bjarni Þór Óskarsson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 153.647 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 61.674 frá 20. ágúst 1999 til 20. september 1999, af kr. 144.695 frá 20. september 1999 til 20. október 1999, af kr. 153.647 frá 20. október 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðum reikningum stefnanda og er til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda á neðangreindu tímabili, en stefnandi rekur heild-verslun í Garðabæ með festingaefni, verkfæri, efnavöru, persónuhlífar o.fl. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	2. júlí 1999	20. ágúst 1999	2.044
2.	2. júlí 1999	20. ágúst 1999	3.418
3.	2. júlí 1999	20. ágúst 1999	6.779
4.	8. júlí 1999	20. ágúst 1999	8.429
5.	8. júlí 1999	20. ágúst 1999	797
6.	9. júlí 1999	20. ágúst 1999	1.595
7.	12. júlí 1999	20. ágúst 1999	2.142
8.	13. júlí 1999	20. ágúst 1999	6.664
9.	21. júlí 1999	20. ágúst 1999	11.040
10.	22. júlí 1999	20. ágúst 1999	3.682
11.	22. júlí 1999	20. ágúst 1999	15.084
12.	5. ágúst 1999	20. sept. 1999	939
13.	11. ágúst 1999	20. sept. 1999	2.544
14.	11. ágúst 1999	20. sept. 1999	1.582
15.	17. ágúst 1999	20. sept. 1999	4.435
16.	24. ágúst 1999	20. sept. 1999	32.625
17.	24. ágúst 1999	20. sept. 1999	28.712
18.	28. ágúst 1999	20. sept. 1999	8.219
19.	30. ágúst 1999	20. sept. 1999	3.965
20.	7. sept. 1999	20. okt. 1999	1.583
21.	9. sept. 1999	20. okt. 1999	639
22.	13. sept. 1999	20. okt. 1999	6.332
23.	16. sept. 1999	20. okt. 1999	398

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 153.647 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi vera 20. dagur næsta mánaðar á eftir útgáfudegi reikninga og er dráttarvaxtakrafan í dómkröfunni byggð á því.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi var upprunalega dagsett þann 10. nóvember 2000 og átti að þingfesta málið þann 13. desember 2000. Birting á lögheimili stefnda tókst ekki og þar vissi engin um afdrif stefnda en sagt var að hann væri fluttur og ekki var vitað hvert. Var af þeim sökum ekki hægt að birta stefnuna með lögsmætum hætti. Könnun um dvalar- eða íverustað hefur engan árangur borið og er stefnanda því nauðugur sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu skv. 89. gr. laga um meðferð einkamála.

